

Ársskýrsla 2022

(1. janúar – 31. desember 2022)

Tilgangur félagsins er að:

- efla ferðapjónustu á svæðinu frá Kelduhverfi að Bakkafirði.
- leggja sitt af mörkum til að skapa og byggja upp ímynd svæðisins, m.t.t. sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar.
- auka búsetugæði á svæðinu.

Aðalfundur var haldinn í byrjun mars í Öxi á Kópaskeri og var hann vel sóttur.

Þar voru kosin í stjórn:

Hildur Stefánsdóttir, Ágústa Ágústsdóttir, Karlotta Möller, Nik Peroš, Guðríður Baldvinsdóttir, Hildur Óladóttir og Sunna Guðrún Pétursdóttir.

Eftir fundinn kynnti Lovísa Óladóttir Skjálftasetrið á Kópaskeri, stöðu þess og framtíðarsýn.

Stjórnin hélt 6 fundi á árinu, flestir voru fjarfundir eða blanda af stað- og fjarfundi.

Tveir fjarfundir stjórnar hafa verið haldnir í byrjun þessa árs, 2023.

Norðurhjari tók þátt **Mannamóti** sem var haldið í lok mars **2022** en það átti að vera um miðjan janúar það ár. Mannamótið er ódýr og einfaldur vettvangur til kynningar, en það er á vegum markaðsstofa landshlutanna þar sem ferðapjónustuaðilar á landsbyggðinni kynna þjónustu sína fyrir ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á höfuðborgarsvæðinu. Mótið hefur verið haldið í þó nokkur ár og nú eru jafnvel erlendar ferðaskrifstofur farnar að að mæta. Norðurhjari lagði áherslu á að kynna bætta samgöngur eins og áður, enda gríðarleg breyting sem felst í bættum Norðausturvegi og möguleikum sem það gefur.

Auk þess að Norðurhjari hefur verið þar frá upphafi, höfum við hvatt og stutt einstök fyrirtæki af svæðinu til að vera með sín eigin kynningarborð á Mannamótinu.

Í byrjun sumars var **Þjónustubók Norðurhjara** uppfærð en þar eru upplýsingar um alla þjónustu fyrir ferðamenn á svæði Norðurhjara. Eins og árið áður var hún nær eingöng send rafræn, þar sem fólk hefur hana í sínum og á skjám. Henni var dreift til aðila innan Norðurhjara, einnig til upplýsingamiðstöðva í nágrenninu á norður- og austurlandi.

Hún hjálpar okkur að benda hvert á annað og upplýsa ferðamanninn um hvað er í boði á svæðinu. Hver gerir það ef við gerum það ekki sjálf?

Þá er komið að **ekkifréttum**:

Uppskeruhátíð ferðapjónustunnar sem Markaðsstofa Norðurlands stendur fyrir átti að vera á Norðurhjarasvæðinu á vordögum 2022, eða nánar tiltekið þann 28. apríl. Áður hafði hátíðinni verið frestað haustið 2020 og 2021, en við lögðum áherslu á að vilja frekar hafa hátíðina að vori, ekki síst vegna birtutímans, þegar langt þarf að fara.

Á uppskeruhátíð er ferðast um svæðið og ferðapjónustuaðilar heimsóttir, en þátttakendur eru fólk úr ferðapjónustunni af öllu Norðurlandi. Mikil vinna fór í undirbúning allt frá áramótum og var allt skipulag tilbúið, með kvöldverði og gistingu á Þórshöfn. Ferðapjónar á svæðinu öllu tilbúnir að taka á móti fólki, þegar með nokkurra daga fyrirvara kom í ljós að þátttaka var ekki næg og hátíðin blásin af. Ýmsar tilgátur voru uppi um ástæður, m.a. covid-óttá sem enn var liggjandi í landi, páskarnir voru seint svo fólk var annað hvort nýkomið úr ferðalögum, eða nýkomið út mikilli vinnutörn o.s.frv. Að minnsta kosti var áhugaleysi á svæðinu ekki um að kenna. Nokkrir þátttakendur sem voru búnir að skrá sig komu á svæðið á eigin vegum og nýttu sér gistingu sem þeir voru búnir að bóka.

Þetta er skammtilegt verkefni og gott tækifæri til kynningar á svæðinu. Þrátt fyrir eftirgrennsan hjá Markaðsstofunni hafa ekki fengist upplýsingar um það hvenær verður reynt aftur á okkar svæði.

Norðurhjari fór ekki á **Vestnorden** sem haldið var á Grænlandi síðastliðið haust, eins og við höfum gert undanfarin ár. Ástæðan er aðallega sú að það er flókið og mjög kostnaðarsamt að fara til Grænlands, bæði fargjald og þátttaka. Það er vissulega ekki sanngjarnt gagnvart Grænlandingum. En þetta reyndist víst hin mesta svaðilför þar sem mikil lægð gekk yfir landið sem raskaði ferðum og ýmsu skipulagi. Vestnorden er ferðakaupstefna sem Grænland, Ísland og Færeyjar standa að og er hluti af norrænu samstarfi. Næsta haust verður hún haldin á Íslandi, nánar tiltekið í Reykjavík um miðjan október og þangað stefnir Norðurhjari.

Verkefnastjóri þróaði leiðsögn um gönguleið með aðila innan Norðurhjara en nú færast í vöxt að gististaðir bjóði gönguferðir og jafnvel gönguferðapakka fyrir gesti sína, eða til að laða að gesti. Enda er svæðið vel fallið til gönguferða og er ánægjulegt að gönguhópar leggja leið sína á svæðið í auknum mæli. Gönguhópar kaupa ýmsa þjónustu og stoppa í nokkra daga, sem sagt góðir gestir.

Síðla árs sat verkefnastjóri fund með fulltrúum skipamiðlunar sem skipuleggja komur skemmtiferðaskipa og upplýsti um innviði á svæðinu. Þar er um að ræða lítil svokölluð könnunarskip. Viðbrögð voru góð og aldrei að vita hvað þetta leiðir af sér.

Allt árið svaraði verkefnastjóri ýmsum fyrirspurnum, veitti staðbundnar upplýsingar um svæðið til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja, miðlaði upplýsingum til ferðapjóna á svæðinu og sinnti samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, Fuglastíg á Norðausturlandi og Minjaráð Norðurlands eystra svo eitthvað sé nefnt. Sótt var um styrki og aðilar aðstoðaðir við styrkumsóknir.

Innan Norðurhjara var unnið að gæðamálum og fræðslustarfi, úrbótum og uppbyggingu innviða, unnið með nýjum aðilum og leiðbeint um leyfismál, stoðkerfi ferðapjónustunnar, fyrstu skref í markaðsmálum og fleira.

Norðurhjari naut á árinu framlaga frá sveitarfélögunum á félagssvæðinu og þakkar stuðninginn.

Tveir nýir félagar gengu til liðs við okkur á árinu 2022, það voru þær Jóhanna Magnúsdóttir sem er með Bjarg á Bakkafirði (eða Happy Cove gistihús – Sæluvík) og Sirrý með Sælusápur í Pistilfirðinum.

Þrjár aðilar sögðu sig úr samtökunum. Það voru Olga með Dettifoss gistingu og Gunnar Jóhannesson með Travel North. Einnig Axel Yngvason sem hætti rekstri með River Guesthouse. En tvær umsóknir liggja nú fyrir, frá North East Iceland á Bakkafirði og Ásverjum ehf sem reka veitingahúsið Vegg. Félagar eru 30.

Síðast liðið ár reyndist hagstætt fyrir langflesta innan samtakanna og mikið að gera. Tímabilið var langt og greinilega uppsöfnuð ferðapörf. Árið 2023 er spennandi því nú er stóraukið framboð af flugi til Akureyrar og Egilsstaða, til og frá mörgum áfangastöðum í Evrópu.